

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1793/2003****frá 13. október 2003****um að fastsetja lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í „Vinho verde“-gæðavínum frá vínrektarsvæðinu C I a) í Portúgal fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003<sup>(2)</sup>, einkum 58. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 3. lið E-páttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í gæðavínum f.t.h. fastsettur 8,5% miðað við rúmmál fyrir svæði C I a).
- 2) Þrátt fyrir þessi mörk er lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í gæðavínum f.t.h. upprunnum á vínrektarsvæðinu C I a) í Portúgal fastsettur 7,5% miðað við rúmmál í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2358/2000<sup>(3)</sup>. Reglugerð (EB) nr. 2358/2000 fellur úr gildi í lok vínársins 2002/2003.
- 3) Þar sem sérstök skilyrði við hefðbundna vínrekt og vínviðaryrki á vínrektarsvæðinu C I a) í Portúgal gera að verkum að „Vinho verde“ gæðavín f.t.h. nær ekki 8,5%

lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál skal mæla fyrir um nýja undanþágu fyrir þetta vín fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005.

- 4) Ráðstöfunin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Þrátt fyrir mörkin sem mælt er fyrir um varðandi alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í 3. lið E-páttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 má styrkleiki náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í gæðavínum f.t.h. upprunnum á vínrektarsvæðinu C I a) í Portúgal sem bera heitið „Vinho verde“ vera minni en 8,5% miðað við rúmmál en þó ekki undir 8% miðað við rúmmál fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. október 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 272, 25.10.2000, bls. 16.